

## AUGLÝSING

### um takmörkun á innflutningi á sterkum chilepipar og afurðum úr honum.

#### 1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á þurrkuðum, gróf- eða finmöluðum sterkum chilepipar af ættinni *Capsicum* og afurðum úr honum, og karrí og afurðum úr því, sem ætlaðar eru til manneldis.

#### 2. gr.

Auglýsingunni er ætlað að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og innhalda sudan litarefni sem um getur í 3. gr. séu ekki til dreifingar hér á landi.

#### 3. gr.

Óheimilt er að flytja inn til landsins:

- þurrkaðan, gróf- eða finmalaðan sterkan chilepipar af ættinni *Capsicum* og afurðir úr honum sem falla undir tollskrárnúmerin 0904.1200 og/eða 0904.2009,
- karrí og afurðir úr því sem falla undir tollskrárnúmerið 0910.5000

Þrátt fyrir ofangreint ákvæði skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar vottorði frá opinberum aðila til Umhverfisstofnunar um að varan innihaldi ekki eftirtalin litarefni:

- a) Sudan I (CAS númer 842-07-9);
- b) Sudan II (CAS númer 3118-97-6);
- c) Sudan III (CAS númer 85-86-9);
- d) Sudan IV / Skarlatsrauður (CAS númer 85-83-6).

#### 4. gr.

Ef vara sem um getur í 3. gr. er á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram vottorð frá opinberum aðila um að hún innihaldi ekki framangreind sudan litarefni. Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skal varan tekin af markaði.

#### 5. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hver á sínum stað, eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar auglýsingar, nema annað sé ákvarðað skv. lögum eða sérreglum.

Um innflutningseftirlit fer samkvæmt III. ákvæði til bráðabirgða í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

#### 6. gr.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer að öðru leyti samkvæmt 30. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

#### 7. gr.

Um viðurlög fer samkvæmt 31. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

8. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr. sbr. 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum og til innleiðingar á ákvörðun 2004/92/EB.

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 491/2003 um takmörkun á innflutningi á sterkum chilepipar og afurðum úr honum.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 5. apríl 2004.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Sigríður Auður Arnardóttir.*